

Ed.

949. Nefndarálit

[274. mál]

um frv. til laga um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Umsagnir um það bárust frá Eitunefnanefnd, Búnaðarfélagi Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein, sem orðist svo:
Tilgangur laga þessara er að tryggja sem best góða og heilbrigða ræktun plantna hér á landi.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „Eigendur plantna“ bætist: gróðrarstöðva og annarra.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „þess vegna“ í 1. málslið komi: Framkvæma ber aðgerðirnar undir eftirliti opinbers aðila.
4. Á eftir 8. gr. komi ný grein, sem orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 19. maí 1981.

Egill Jónsson,
form., frsm.

Eiður Guðnason,
fundaskr.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Davíð Aðalsteinsson.

Ey. Kon. Jónsson.